

## Flugufrelsarinn

Sigur Rós

Hamagangur, ég þusti niður að læknum  
Bjargvættur  
Ég gerði skip tilbúið og fór með litla bæn  
Því ég var hræddur  
Sólin skein og lækurinn seytlaði  
Sóley, sóley - flugurnar drepast

En í dag á ég að bjarga sem flestum flugum  
Með spotta í skip ég er með í hvorri hendi ákveðinn  
Ég kasta þeim út í hylinn og reyni  
Að hala flugurnar inn áður  
En seiðin ná til þeirra þar sem þær berjast  
Við strauminn og vatnið

Þannig líður dagurinn  
Sjálfur kominn um borð  
Var farinn að berjast við bæjarlækinn  
Sem hafði þegar deytt svo margar

Ég næ ekki andanum og þyngist við hverja öldu  
Mér vantar kraftaverk  
Því ég er að drukkna syndir  
Ég reyni að komast um borð

Ég dreg í land og bjarga því sjálfum mér aftur,  
aftur á bakkann  
Á heitan stein ég legg mig og læt mig þorna aftur  
Ég kasta mér út í hylinn og reyni  
Að hala flugurnar inn áður  
En seiðin ná til þeirra þar sem þær berjast  
Við strauminn og vatnið

Gustur<sup>1</sup>, allur rennblautur  
Frakkur<sup>2</sup> finnur hvernig báturinn  
er kominn úr mesta straumnum  
og landið smám saman nálgaðist

Hann er bæði um borð í  
Sjó og landi bjargandi  
Flugunum sem farast hér  
Þó sér í lagi sjálfum sér  
Eilíft stríð og hvergi friður  
En það verður einhver að fórna sér  
Dagarnir eru langir